

**75. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
föstudaginn 20. febrúar 2026, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Nýtingarleyfi fyrir borholu RH-07 - 2502031

Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 17.02.2026, um matsskyldu jarðhitanýtingar í Reykholti í Bláskógabyggð.

Bréfið var lagt fram. Þar kemur fram að ekki þurfi að láta framkvæma umhverfismat vegna jarðhitanýtingar í Reykholti.

2. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035

Skýrsla ÍSOR um áhrifamat jarðhitavinnslu á grunnvatnshlotið Laugardal.

Áhrifamatið var lagt fram.

3. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035

Staðsetning dælustöðvar, lagnaleiðir

Rætt var um staðsetningu dælustöðvar og lagnaleiðir. Skipulag fyrir dæluhús hefur verið afgreitt og leggur framkvæmda- og veitunefnd áherslu á að vandað verði til hönnunar og frágangs húss og umhverfis. Þegar drög að útliti liggja fyrir verði tillaga kynnt.

4. Útboð sundlaugar í Reykholti - 2505017

Fundargerð 8. verkfundar frá 26.01.2026

Fundargerð 9. verkfundar frá 11.02.2026

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

5. Gatnagerð Kotstún - 2601045

Opnun tilboða í gatnagerð (Fálkamýri/Kotstún). Tilboð opnuð 18.02.2026.

Tilboð í gatnagerð Fálkamýri og Kotstún liggja fyrir. Farið verður yfir tilboðin.

6. Gatnagerð Fálkamýri - 2601046

Opnun tilboða í gatnagerð (Kotstún/Fálkamýri). Tilboð opnuð 18.02.2026.

Tilboð í gatnagerð Fálkamýri og Kotstún liggja fyrir. Farið verður yfir tilboðin.

7. Kaup Fontana á köldu vatni - 2506043

Vatnspörf Fontana

Farið var yfir vatnspörf Fontana (kalt vatn). Kallað verður eftir umsóknum um stækkun á heimtaugum.

8. Söfnunartankur fyrir kalt vatn við Laugarvatn - 2509017

Staða undirbúnings

Farið var yfir stöðu undirbúnings að því að setja upp safntanka fyrir kalt vatn við vatnslind.

9. Aukin heitavatnsnotkun GufuFontana - 2312022

Framkvæmdir og áhrif á hveravatn

Tímabundin truflun varð á afhendingu vatns hjá Bláskógaveitu vegna framkvæmda Fontana. Áhersla er lögð á gott samráð og upplýsingagjöf.

10. Lóðarleigusamningur um Hverabraut 1, Laugarvatni - 2602027

Lóðarleigusamningur vegna Hverabrautar 1, hver við gufubað

Samningar ríkisins við Fontana eru lagðir fram. Bláskógabyggð er nú eigandi landsins og Bláskógaveita með umráð jarðhitaréttinda. Unnið er að því að gera nýjan samning við Fontana varðandi hver við gufubað og nýtingu jarðhitaréttinda Bláskógaveitu.

11. Framlög til úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks - 2602026

Erindi Bergrisans bs, dags. 10.02.2026, þar sem vakin er athygli á möguleika á að fá framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna bætts aðgengis fyrir fatlað fólk.

Lagt fram til kynningar.

12. Starfsmannahald Bláskógaveitu - 2601049

Ráðning veitustjóra, staða

Alls bærust sjö umsóknir um stöðu veitustjóra. Unnið verður að ráðningu næstu daga.

13. Gjaldskrá Bláskógaveitu athugasemdir varðandi lágmarksgjald - 2501075

Bréf umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 26.01.2026, vegna kvörtunar Þrastar Freys Gylfasonar varðandi framkvæmd Bláskógaveitu á ákvæði í gjaldskrá Bláskógaveitu um lágmarksnotkun sumarhúsa.

Lagt fram til kynningar.

14. Meðhöndlun raftækja á söfnunarstöðvum - 2602025

Erindi Úrvinnslusjóðs, dags. 11.02.2026, varðandi meðhöndlun raftækja.

Lagt fram til kynningar.

15. Mannvirki sem skylt er að vátryggja hjá NTÍ - 2602024

Erindi Náttúruhamfaratryggingar Íslands, dags. 12.02.2026, þar sem athygli eigenda opinberra mannvirkja er vakin á skyldu til að skila uppfærslu og skráningu nýrra mannvirkja.

SH 71K-

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:15.




Stefanía Hákonardóttir




Helgi Kjartansson




Jón Forni Snæbjörnsson



Ásta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason



Kristófer Arnjörð Tómasson

